

Fundargerð 5. fundar

Starfshópur um sérhæfða akstursþjónustu í Hafnarfirði.

Haldinn kl. 12, mánudaginn 20.mái 2019 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Elísabet Hansdóttir, fulltrúi Ráðgjafarráðs, Guðmundur Ragnar Ólafsson, innkaupastjóri, Margrét Vala Marteinsdóttir, Sigurður Þórður Ragnarsson, Þórdís Helga Ólafsdóttir, fræðslu- og frístundasviði, Elín Ýr Arnar, Ráðgjafarráði, Guðmundur Sverrisson, Sigurður Guðjón Jónsson frá Mannviti og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. mál.

Formaður lagði fram drög að reglum 2019 um akstursþjónustuna. Helstu álitamál eru þjónustutími, verðskrá, þjálfun ökumanna, öryggismyndavélar, persónuvernd o.fl.

2. mál.

Rætt um að starfshópurinn hafi ekki umboð til að ákvarða þjónustustigið. Rætt um fargjöld til eldri borgara sem í flestum sveitarfélögum eru hærrí en til fatlaðs fólks þar sem ekki er um lögbundna þjónustu að ræða. Reglur um akstur eldri borgara verða teknar til endurskoðunar í Fjölskylduráði. Umræður urðu um að þeir sem fá ökutækjastyrk frá Tr skuli greiða fullt fargjald en hafa rétt til akstursþjónustu þegar þannig stendur á. Gjald fyrir ferðir á stórháðtiðum verði á sama gjaldi og almenna akstursþjónustan. Rætt um að þjónustan verði til kl. 24 en þjónustutími sameiginlegu akstursþjónustunnar er til kl. 01. Mikilvægt er að skoða vel nýtingu ferða milli kl. 24-01 áður en endanleg ákvörðun er tekin.

3. mál.

Öryggismyndavélar.

Í leigubílum og strætisvögnum eru öryggismyndavélar og mikilvægt er að öryggismyndavélar verði í öllum bílum sérhæfðu akstursþjónustunnar.

4. mál.

Fulltrúi fræðslu- og frístundasviðs fór yfir umsagnir skóla vegna akstursþjónstunnar. Taka þarf reglur um skólaakstur til endurskoðunar í Fræðsluráði.

Fundi slitið kl. 13:00.